

Control 9 biðlari

pöntunar-nr. : 2078 00

Control 9 KNX

pöntunar-nr. : 2079 00

notkunnarleiðbeining

1 Öryggisleiðbeiningar

Eingöngu faglærðir rafvirkjar mega sjá um uppsetningu og tengingu rafmagnstækja.


Komið getur til alvarlegs líkamstjóns, eldsvoða eða eignatjóns. Lesið leiðbeiningarnar vandlega og farið eftir þeim.

Hætta vegna raflosts. Tækið tækið úr sambandi áður en viðhaldsvinna fer fram. Það gildir einnig um alla sjálfvirka öryggisrofa sem geta leitt hættulega spennu í tækið.


Ekki má nota hvassa eða beitta hluti til að stjórna tækinu. Snertinæmt yfirborðið getur orðið fyrir skemmdum.

Ekki má nota hvassa hluti, sýrur eða lífræn leysiefni við þrif. Tækið getur orðið fyrir skemmdum.

Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til neytandans.

2 Tækjalýsing

mynd 1: Framhlið með ramma



mynd 2: Framhlið án skrautramma

- (1) Skrautrammi
- (2) Snertiskjásflötur
- (3) Festingar fyrir skrautramma
- (4) Göt fyrir veggfestingu
- (5) Rauf fyrir SD-minniskort
- (6) Rofi til að kveikja/slökkva
- (7) Þjónustutengi
- (8) **Prog.** -ljós – fyrir Control 9 KNX
- (9) **Prog.** -hnappur – fyrir Control 9 KNX
- (10) Innbyggður hljóðnemi
- (11) USB-tengi
- (12) Innbyggður hátalari
- (13) Virkniljós myndavélar
- (14) Innbyggð myndavél
- (15) Skyggni fyrir innbyggða myndavél

3 Aðgerð

Kerfisupplýsingar

Eingöngu fyrir KNX-tæki:

Þetta tæki er vara úr KNX-kerfinu og uppfyllir allar kröfur og reglur KNX. Staðgóð fagþekking sem aðeins fæst á KNX-námskeiðum er nauðsynleg til að skilja virkni tækisins.

Verkun tækisins er háð þeim hugbúnaði sem notaður er. Nákvæmar upplýsingar um slíkan hugbúnað og vinnslu mismunandi útgáfa hans er að finna í gagnabanka framleiðandans.

Undirbúningur, uppsetning og notkun tækisins má aðeins fara fram með KNX-vottuðum hugbúnaði. Gagnabanki um framleiðsluvörur okkar ásamt tæknilegum lýsingum á þeim er ávallt uppfærður og tiltækur á vefsetri okkar.

Rétt notkun

- Til að sýna ástand og veita upplýsingar um húskerfi
- Til að setja upp í vegg innanhúss – flúttandi við vegg í Control 9 uppsetningarhúsi (sjá kaflann „Aukabúnaður“) eða með breytigrind í uppsetningarhúsi fyrir Info-Terminal

Eiginleikar tækis

- Upplýstur TFT-litaskjár, 800×480 pixlar, 16,7 milljónir lita
- Snertiskjár, stjórnað með því að setja fingur á skjáinn

- Windows Embedded Standard 2009 stýrikerfi
- Hægt að setja upp í bæði láréttri og lóðréttri stöðu, allt eftir notkun hverju sinni
- Sambyggð myndavél, t.d. fyrir dyrasímakerfi, sem hægt er að setja skyggni fyrir
- Sambyggður hátalari
- Sambyggður hljóðnemi
- Tenging – að framan, aftan við skrautrammann: USB, SD-minniskort
- Tenging – aðgengileg að aftan: 2x USB, Ethernet, víðóma hljóð inn, víðóma hljóð út, mynd inn

Control 9 KNX:

- KNX-tengi
- Myndrænt notendaviðmót til að sýna upplýsingar um og stjórna KNX-tækjum
- Senur, þvinguð stýring, tímarofi, líkt eftir viðveru og aðrir eiginleikar
- i** Ef komið er á tengingu við IP-net/Ethernet standa frekari eiginleikar til boða, t.d. vafri.
- i** KNX-aðgerðir eru áfram virkar, jafnvel þótt slökkt sé á tækinu.

Windows embedded stýrikerfi

Stýrikerfið byggir á Microsoft® Windows® XP Professional í útfærslu sem hefur verið endurbætt með tilliti til minnis. Allar nauðsynlegar einingar fyrir virkni tækja eru fyrirfram uppsettar. Hægt er að setja aðra rekla eða forrit, t.d. Gira hugbúnaðarpakkann QuadClient, upp eftir þörfum.

4 Notkun

Snertiskjárninn þrífinn

Þrifa þarf snertiskjárninn reglulega til að tryggja að hann bregðist sem best við snertingu. Gætið þess að ekki séu aðskotahlutir eða ryk á snertiskjárnnum. Þrifið skjárninn með mjúkum klúti sem skilur ekki eftir sig kusk. Ef þörf krefur má væta klútinn lítillega.

- i** Hvorki má nota sterk hreinsiefni, sýrur né lífræn leysiefni.
- i** Gæta verður þess að enginn vökvi komist inn í tækið. Ekki má úða hreinsiefni beint á skjárninn.
- i** Notið aldrei skarpa eða harða hluti við hreinsun tækisins.

Skrautramminn tekinn af

Til þess að komast að tilteknum stjórnækjum þarf fyrst að taka skrautrammann af.

- Grípið undir skrautrammann með báðum höndum.
- Færið skrautrammann varlega upp og til hægri (ef um lóðréttu uppsetningu er að ræða skal færa hann upp og til vinstri).
- Ef skrautramminn er laus í festingunni skal taka hann varlega af veggnum.

Skrautramminn settur á

- Setjið skrautrammann þannig í festingarnar (3) að hann snúi rétt.
- Færið skrautrammann varlega niður á við þannig að hann skorðist.

Kveikt/slökkt á tækinu

Skrautramminn (1) hefur verið tekinn af, hægt er að komast að rofanum til að kveikja/slökkva (6).

- Kveikt: Styðjið á hnapp (6).
Að u.þ.b. 2 sekúndum liðnum kviknar á stjórnborðinu.
Tækið er ræst.
- Slökkt: Styðjið snögg á hnapp (6).
- eða -
- Styðjið á hnappinn „Start“ (ræsa) og veljið skipunina „Shut down“ (ganga frá) í upphafsvalmyndinni. Í listanum sem birtist næst skal velja „Shut down“ (ganga frá) aftur og styðja á hnappinn „OK“ (í lagi).
Stýrikerfið keyrir sig niður og slekkur á sér.
- i** Á KNX-tækinu er KNX-forritinu fyrst lokað. Stutt er aftur á hnappinn (6) til að slökkva.

- i** Einnig er hægt að keyra tækið þannig niður að það fari í biðstöðu. Farið er úr biðstöðu um leið og komið er við snertiskjáinn.
- i** Þegar tækið er ræst í fyrsta skipti skráir það sig sjálfkrafa inn með notandanafninu **Control** og lykilorðinu **gira**.

Tækið endurstíllt

Ef stjórnborðið bregst ekki lengur við skipunum, t.d. eftir að forrit hrynur, er hægt að endurstílla tækið og slökva á því. Við það eyðast út öll gögn sem ekki er búið að vista.

Skrautramminn (1) hefur verið tekinn af, hægt er að komast að rofanum til að kveikja/slökva (6).

- Haldið hnappi (6) inni í u.þ.b. 5 sekúndur.
Að u.þ.b. 5 sekúndum liðnum slokknar á tækinu.

Himnuskjábörð


Skjárinn er með snertinæmt yfirborð og kallast því snertiskjár. Tækinu er stjórnað með því að snerta yfirborð skjásins með fingri eða sérstökum skjápenna (fylgir ekki með tækinu).

- i** Ekki má nota hvassa eða beitta hluti á snertiskjáinn.

Myndrænt notendaviðmót

Tækinu er stjórnað með músarbendli (23) sem fylgir aðgerðum á snertiskjánum. Þegar fingri er stutt á snertiskjáinn er það túlkað eins og að smellt hafi verið á músarhnapp. Hægt er að skipta milli hægri og vinstri músarhnapps með því að styðja á táknið (26) á upplýsingasvæði verkstikunnar (25). Hægt er að slá inn texta með Windows-skjályklaborðinu (24).

- i** Hægt er að tengja önnur stjórn tæki við USB-tengið, til dæmis lyklaborð eða mús.



mynd 3: Birting á skjá

- (21) Windows-skjábörðið
- (22) Upphafsvallmynd
- (23) Músarbendill
- (24) Skjályklaborð
- (25) Windows-verkstikan
- (26) Skipt milli hægri og vinstri músarhnapps
- (27) Leyfisskilmálar fyrir Microsoft Windows
- (28) Fyrirfram uppsett kerfisforrit

Tákn (28) á upplýsingasvæði verkstikunnar vísar í fyrirfram uppsett kerfisforrit, t.d. til að stilla birtustig skjásins.

Control 9 KNX: Windows-notendaviðmótið opnað

KNX-tækið ræstist eftir að kveikt er á KNX-forritinu. KNX-forritið opnast í sérstöku myndrænu notendaviðmóti og þar er því stjórnað. Windows-notendaviðmótinu og kerfisforritunum er stjórnað með tengdu USB-lyklaborði.

USB-lyklaborðið er tengt við USB-tengi, (11) eða (37).

- Styðjið á Windows-hnappinn.

Windows-verkstíkan (25) og upphafsvalmyndin (22) opnast. Þar er hægt að nálgast helstu aðgerðir í Windows, s.s. að ræsa, loka, eða minnka forrit sem eru í gangi.

FBWF-skrifsía

Geymsluminni tækisins er SSD-drif án hreyfanlegra hluta. Til að koma í veg fyrir að hægt sé að breyta grunnstillingum tækisins í ógáti er drifið varið með FBWF-skrifsíu (File Based Write Filter). Sían beinir skrifaðgerðum á varða svæðinu yfir til sýndardrifs í vinnsluminni (RAM). Ef gögnunum er breytt koma breytingarnar fram í möppunni en þær verða hins vegar ekki lengur fyrir hendi eftir næstu endurræsingu tækisins. Þegar slökkt er á tækinu eða rafmagnið fer af er fyrri útgáfa gagnanna endurheimt.

Breytingar í möppunni „Eigin skrár“ eru ekki takmarkaðar með skrifvörn og taka því alltaf gildi.

Gera verður skriftsína óvirka þegar

- möppur eru búnar til sem eiga að vera áfram til staðar eftir endurræsingu,
- þegar forrit eru sett upp.

Endurræsa verður kerfið þegar

- skriftsían er gerð virk eða óvirk,
- stærð sýndardrifsins er breytt,
- samþjöppun minnis er gerð virk eða óvirk.

Notendur geta breytt stillingum FBWF-skrifsíunnar.

Forrit sett upp

Áður en frekari forrit eru sett upp skal athuga kerfiskröfur viðkomandi forrita.

- Skriftsían gerð óvirk: Veljið táknið (28) með músarbendlinum.
- Veljið „Read Only“ (skrifvarið) í valmyndinni.
Glugginn fyrir stillingar skriftsíunnar opnast.
- Gerið skriftsína óvirka.
- Styðjið á hnappinn „Apply“ (nota).
- Styðjið á hnappinn „Close“ (loka).
- Keyrið stjórnborðið niður og endurræsið það.
- Setjið forritið upp, t.d. af USB-lykli.
- Skriftsían gerð virk: Veljið táknið (28) með músarbendlinum.
- Veljið „Read Only“ (skrifvarið) í valmyndinni.
- Gerið skriftsína virka.
- Styðjið á hnappinn „Apply“ (nota).
- Styðjið á hnappinn „Close“ (loka).
- Keyrið stjórnborðið niður og endurræsið það.


5 Upplýsingar fyrir faglærða rafvirkja**5.1 Uppsetning og straumtenging****HÆTTA!**

Raflost við snertingu á hlutum með straumi á.

Raflost getur verið banvænt.

Á undan viðhalds- eða viðgerðarvinnu á tækinu þarf að taka alla sjálfvirka öryggisrofa úr sambandi. Auk þess ætti að breiða yfir nálæga spennuleiðandi hluti!

Tækið sett upp og tengt



mynd 4: Bakhlið – tengi

(31) KNX-tengi – aðeins fyrir Control 9 KNX

(32) Íðnetstenging

(33) Nettengi

(34) Loftop

(35) Tenging fyrir hljóðinntak og hljóðúttak


(36) Tenging fyrir hliðrænt myndinntak

(37) USB-2.0-tengi

i Ábending: Uppsetning í augnahæð auðveldar álestur.

Fyrir flúttandi uppsetningu á vegg: Notið Control-9-uppsetningarhús.

Ef sett er upp í uppsetningarhúsi fyrir Info-Terminal: Notið breytigrind.



mynd 5: Loftop á framhlið

Sjáið til þess að kæling sé nægileg. Gætið þess að setja ekkert fyrir loftopin á fram- og afturhlið hússins (mynd 5).

- Kassann sem kerfinu er komið fyrir í ætti að innbyggja í vegg á hentugum stað – annaðhvort lárétt eða lóðrétt.
Lárétt uppsetning: Gætið að merkingunum **OBEN TOP** og **UNTEN BOTTOM**.
Lóðrétt uppsetning: Efri hliðin snýr til vinstri.
- ❗ Fylgið uppsetningarleiðbeiningum fyrir uppsetningarhúsið.
- Dragið leiðslurnar í gegnum þar til gerð göt.

**HÆTTA!**

Raflost við snertingu á hlutum með straumi á! Veituspennan og smáspennan eru í sama húsinu. Ef bilun verður geta aðrir tengdir íhlutir einnig leitt veituspennu.

Raflost getur verið banvænt.

Verjið veituspennuvíra ávallt með meðfylgjandi slöngu.

Gangið þannig frá lögnum að smáspennuvírar séu tryggilega varðir gegn veituspennu.

- Afeinangrið veituspennulögnina um sem nemur lengd meðfylgjandi slöngu.
- Dragið meðfylgjandi slöngu yfir afeinangruðu veituspennuvírana **L** og **N**.
- Tengið veituspennu **L** og **N** við klemmu (33).
- Control 9 KNX: Tengið KNX-Bus-leiðsluna við klemmu (31).
- Tengið hljóðtæki við klemmu (35) (mynd 6).
- Tengið myndtæki við klemmu (36) (mynd 6).



mynd 6: Yfirlit yfir tengingar fyrir hljóð og mynd

Merking	Aðgerð
Audio R in	Inntak fyrir hljóðmerki hægra megin
Audio L in	Inntak fyrir hljóðmerki vinstra megin
Audio GND	Jarðtenging fyrir hljóðinntök
Audio R out	Úttak fyrir hljóðmerki hægra megin
Audio L out	Úttak fyrir hljóðmerki vinstra megin
Audio GND	Jarðtenging fyrir hljóðúttök
Video in	Inntak fyrir myndmerki
Video GND	Jarðtenging fyrir myndmerki


Tafla: Yfirlit yfir tengingar fyrir hljóð og mynd

Fyrir tenginguna við IP-netið er bæði notuð Ethernet-tengingin (32) og meðfylgjandi íðnetsmillistykki og íðnetsnúru.

Gæta þarf að því að litir víranna, EIA/TIA-568-A eða -B, passi saman. Upplýsingar um þetta atriði er að finna í fylgiskjöllum með beininum og uppsettum nethlutum.

- ❗ Íðnetstenging tækisins er í samræmi við EIA/TIA-568-B.

- Tengja fónetsleiðsluna við fónets-millistykkið. Til þess þarf að taka ystu klæðninguna og losa sundur fónetsleiðslurnar án þess að einangrunin skemmist, og stinga leiðslunum inn í lokið á millistykkinu. Leiðsluenda sem af ganga má stytta og setja síðan lokið rétt á millistykkið (mynd 7).
- Tengja meðfylgjandi fónetsleiðslu á klemmuna (32) og síðan í fónets-millistykkið.



mynd 7: Tenging millistykkis við Ethernet-leiðslu

- Setja tækið upp í kassanum. Nota skal meðfylgjandi skrúfur.
- Setjið skrautrammann þannig í festingarnar að hann snúi rétt og festið hann neðst vinstra megin (neðst hægra megin ef um lóðréttu uppsetningu er að ræða).

5.2 Fyrsta notkun

Control 9 KNX: Raunvistfangi hlaðið

- Ýta á forritunarhnapp (9).
Forritunarljósið logar (8).
- Gefa upp raunvistfang.
Forritunarljósið (8) slokknar.

Control 9 KNX: Verkbúnaði hlaðið inn

i Við skipulagningu og fyrstu gangsetningu er notaður þar til gerður hugbúnaður frá þriðja aðila.

- Komið á IP-tengingu við tölvuna sem nota á til að taka kerfið í notkun.
- Hlaðið niður skipulagningargögnum með gangsetningarhugbúnaðinum.

- eða -

Skipulagningargögnin eru vistuð á USB-lykli eða SD-korti.

- Stingið USB-lyklinum eða SD-kortinu í tengi/rauf (5) eða (11), eftir því sem við á. Í KNX-notendaviðmótinu skal velja „Commissioning“ (fyrsta notkun) undir „Settings“ (stillingar). Veljið drifið og slóðina og opnið skrána með skipulagningargögnunum.

6 Viðauki

6.1 Tæknilysing

Orka	
Málsþenna	AC 110 ... 230 V ~
Raftíðni	50 / 60 Hz
Smávar	Littelfuse/Wickmann 372 1160 T 1,6 L 250
Afköst í biðstöðu	hám. 1 W
Inngangsafl	hám. 20 W
Inngangsafl	hám. 8 W (Slökkt á skjá)
Umhverfisskilyrði	
Umhverfishitastig	0 ... +35 °C
Geymslu-/flutningshitastig	-10 ... +70 °C

Hlutfallslegur loftraki	15 ... 85 % (engin döggi)
Öryggisflokkur	II
Kerfi	
Gerð örgjörva	Intel Atom™ Z510
Vinnsluhraði örgjörva	1,1 GHz
L2-skyndiminni	512 kB
Kubbasamstæða kerfis	Intel System-Controller Hub US15W
Geymsluminni	2 GB SSD
Vinnsluminni	1 GB RAM
Hljóðkort	Realtek ALC888
Skjár	
gerð	TFT 22,9 cm [9"], WVGA
Upplausn	800×480 pixlar
Fjöldi lita	16,7 milljónir
Sjónarhorn	± 85 °
Snertiskjár	Viðnám
Myndavél	
Upplausn	1,3 millj. pixla
Tengi	
Hljóðúttak	Úttak, víðóma
Hljóðinntak	Inntak, víðóma
Myndinntak	FBAS/CVBS, 1 Vss
Minniskort	SDHC, háms. 32 GB
USB	
USB-útgáfa	1.1/2.0
Tenging	3× gerð A (2× að aftan, 1× að framan)
Þjónustutengi	
Tenging	Mini-USB gerð AB, 5 póla
Net	
gerð	10/100 MBit/s Ethernet
Tenging	RJ45-innstunga 8/4 póla
Mál	
Mál BxHxD	268×220×65 mm (án skrautramma)
Mál skjás BxH	195×118 mm
Skálína	22,9 cm

6.2 Samræmi

Upplýsingar samkvæmt ESB-reglugerð 617/2013

Vörutegund	Desktop-Thin-Client
Framleiðandi	Gira Giersiepen GmbH Dahlienstraße Radevormwald
Gerðarnr.	GIRA Control 9 Client
Framleiðsluár	Árgerð 2015
Orkunýtni innri aflgjafa	83,0% nýtni við 20% af 20 W málalagi 85,4% nýtni við 50% af 20 W málalagi 85,4% nýtni við 100% af 20 W málalagi
Prófunarfæribreyta	Prófunarspenna 230V/50Hz Heildaryfirsveiflustuðull prófunarspennu 1,6% Aflmælitæki Zimmer LMG95 Straumrétt aflmæling Aflgjafi notaður sérstaklega með rafeindaálagi GOSSEN METRAWATT 150R30 FLUKE 179 mælitæki til að stilla álagsstraum

Hámarksafl	$P_{\max} = 19,6 \text{ W}$
Lausagangsafl	$P_{\text{idle}} = 16,6 \text{ W}$
Afl í hvíldarstöðu	$P_{\text{sleep}} = 0,93 \text{ W}$
Afl þegar slökkt er	$P_{\text{off}} = 0,73 \text{ W}$
Hávaðastig	$< 6 \text{ dB(A)}$
Mæliaðferð	Prófunarspenna 230 V Heildaryfirsveiflustuðull prófunarspennu 1,6% Aflmælitæki Zimmer LMG95 Straumrétt aflmæling

6.3 Aukabúnaður

Hönnunarrammi fyrir Control 9
Uppsetningarhús/innfelld dós fyrir Control 9
Uppsetningarhús
Rammi breytistykkis

pöntunar-nr. 2080 ..
pöntunar-nr. 2082 00
pöntunar-nr. 0639 00
pöntunar-nr. 2081 00

6.4 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á þjatar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Elektro-Installations-
Systeme

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

Postfach 12 20
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0
Fax +49(0)21 95 - 602-191

www.gira.de
info@gira.de